

Húsavík 1. nóvember 2024

### Varðar óhóflegar hækkunir OH

Samkvæmt fundargerð stjórnar Orkuveitu Húsavíkur frá 29. október 2024 kemur fram að meirihluti stjórnar leggur til verulegar hækkunir á gjaldskráum orkuveitunnar milli ára, þrátt fyrir að fyrirtækið standi afar vel um þessar mundir. Talað er um hóflegar hækkunir, sem eru samt sem áður, umtalsvert hærrí en boðaðar launahækkunir á almenna vinnumarkaðinum um næstu áramót.

„Í ljósi **sterkrar stöðu** Orkuveitu Húsavíkur hefur stjórn ákveðið að stilla gjaldskráhækkun í hóf miðað við þróun vísitölu. Meirihluti stjórnar samþykkir að hækka gjaldskrá **um 5%**.“

Þá er jafnframt tekið fram í fundargerð stjórnar OH:

„Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir kalt vatn og fráveitu fylgi hækkun fasteignagjalda í Norðurþingi og hækki þar með **um 7,6%** á árinu 2025.“

Boðaðar hækkunir OH á gjaldskráum eru langt frá því að vera í takt við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og yfirlýsingar stjórnvalda/sveitarfélaga sem fylgdu síðustu kjarasamningum sem undirritaðir voru 7. mars 2024 og tengist m.a. sveitarfélögum og fyrirtækjum í þeirra eigu. Þar segir:

„Til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði munu ríkisstjórnin og **Samband íslenskra sveitarfélaga** vinna að aðgerðum sem styðja við sameiginleg markmið stjórnvalda og samningsaðila um að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta.“

Hvað viðkemur hækkunum á gjaldskráum er tekið fram í yfirlýsingu stjórnvalda/sveitarfélaga:

• Til að stuðla að verðstöðugleika munu gjaldskrár ríkis **almennt ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025.**

• **Sveitarfélögin lýsa yfir vilja til að hækka ekki gjaldskrár fyrir árið 2024 umfram 3,5% og endurskoða gjaldskrár ársins hafi þær hækkað meira.** Sérstaklega verði horft til gjaldskráa er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

Til fróðleiks fyrir stjórnendur OH, þá hækka laun almennt um 3,5% um næstu áramót hjá megin þorra launafólks. Ljóst er að boðar gjaldskrárbreytingar OH munu koma afar illa við viðskiptavinum orkuveitunnar, ekki síst barnafólk sem nær ekki að dekkja þennan kostnaðarauka með launahækkunum 1. janúar 2025.

Viðbrögðin frá viðskiptavinum OH hafa ekki látið á sér standa enda Framsýn borist ábendingar frá reiðum viðskiptavinum orkuveitunnar sem skorað hafa á félagið að vekja athygli á þessum óskiljanlegu hækkunum og krefjast þess að gjaldskrárbreytingarnar verði endurskoðaðar til lækkunar.

Þá virðist sem bókun Byggðarráðs Norðurbings um gjaldskrárbreytingar frá 24. október 2024 hafi algjörlega farið fram hjá stjórn OH sem velur að sniðganga hana.

Bókunin er eftirfarandi:

*„Fyrir byggðarráði liggur erindi frá Framsýn stéttarfélagi þar minnt er á að sveitarfélögin virði samkomulagið sem gert var samhliða síðustu kjarasamningum um aðhald hvað varðar gjaldskrárbreytingar til lækkunar hjá sveitarfélögunum og fyrirtækjum í þeirra eigu. Byggðarráð þakkar erindið og telur þær tillögur að gjaldskrár sem nú eru til umræðu vera til samræmis við samkomulag sem gert var samhliða síðustu kjarasamningum.“*

Í ljósi mjög góðrar stöðu Orkuveitu Húsavíkur og yfirlýsinga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem lofa hófsemi í gjaldskrárbreytingum sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu er hér með skorað á stjórn OH að endurskoða þessar óhóflegu og reyndar óskiljanlegu hækkanir á gjaldskrár sem koma eiga til framkvæmda í byrjun árs 2025. Fyrir liggur að hækkanirnar, sem eru langt umfram almennar launahækkanir, munu ekki síst koma einstæðum foreldrum, barnafólki og fólki í viðkvæmri stöðu afar illa.

#### Virðingarfyllt

Fh. Framsýnar stéttarfélags



FRAMSÝN  
STÉTTARFÉLAG HINGEYINGA

Aðalsteinn Árne Baldursson

Afrit:  
Starfsgreinasamband Íslands  
Sveitarstjóri Norðurbings